

9. desember 2013

Tilvísun 1311182

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni, 143. löggjafarþing, 158. mál

Með tölvupósti dags. 22. nóvember sl. óskaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að frumvarpið miði að því að draga úr reglubyrði atvinnulífsins, og efla samkeppni, með því að vanda sem best til undirbúnings og endurskoðunar laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem varða atvinnulífið. Til þess að ráðleggja stjórnvöldum og Alþingi á þessu sviði sé með frumvarpinu lagt til að sett verði á fót óháð ráð, svonefnt regluráð, sem gefi umsagnir og leiðbeini um helstu lagabreytingar og nýja löggjöf og reglur á þessu sviði, stuðli að því að auka færni starfsmanna stjórnvöldslunnar, veiti aðhald, fylgist með árangri og bendi á leiðir til úrbóta.

Seðlabanki Íslands vill í fyrsta lagi gera athugasemd við það sem segir í 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, um að stjórnvöldum sé skylt að bera undir regluráð til umsagnar þær tillögur, þ.e. frumvörp til laga og drög að stjórnvaldsfyrirmælum, sem munu fyrirsjáanlega hafa umtalsverð áhrif á atvinnulíf eða samkeppni. Í athugasemdum við 4. gr. er tekið það dæmi, að kostnaður við að kaupa nýjan búnað vegna hertra krafna um öryggi falli þarna undir, ekki síður en kostnaður við að gefa opinberum aðilum skýrslur með reglulegu millibili. Þá er í 4. mgr. 4. gr. kveðið á um, að hafi stjórnvaldsfyrirmæli verið sett án þess að regluráði hafi gefist færi á að veita umsögn, þá geti ráðherra beint því til viðkomandi stjórnvalds að stjórnvaldsfyrirmælin verði endurmetin.

Um þetta er það að segja, að Seðlabanki Íslands er sjálfstætt stjórnvald, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, og setur bankinn reglur um viðfangsefni sín skv. 38. gr. sömu laga. Segja má að það sé óumdeilt að beiting Seðlabankans á stýritækjum sínum geta haft umtalsverð, eða bein, áhrif á atvinnulífið. Má þar nefna setningu reglna um, og beitingu,

bindiskyldu, laust fé og gjaldeyrisjöfnuð. Víðast hvar í vestrænum heimi er það viðurkennt, að seðlabankar verði að hafa algert sjálfstæði við beitingu stýritækja, bæði hvað varðar afskipti löggjafa og framkvæmdavalds. og því verður ekki séð hvernig umrætt ákvæði 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins fer saman við starfsemi Seðlabankans og sjálfstæði hans. Breytir þar engu um þó í 3. mgr. 4. gr. segi að ráðherra geti veitt undanþágu frá þeirri skyldu sem 1. mgr. 4. gr. kveður á um, enda er ekki með því komist fyrir þá vankanta sem felast í greininni, gagnvart sjálfstæði Seðlabankans, nema síður sé.

Að öðru leyti gerir Seðlabankinn ekki athugasemdir við frumvarpið, utan þess að minnst á tvö tæknileg atriði. Hið fyrra er varðandi það sem segir í 1. og 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins, um skipan sex manna í regluráð. Í 1. mgr. segir að ráðherra skuli við skipun í ráðið gæta þess að þar sé fyrir hendi viðtæk þekking og reynsla sem nánar er skilgreind, en síðan segir í 2. mgr. að fjórir ráðsmenn skuli skipaðir á grundvelli tilnefninga frá tilteknum hagsmunaaðilum. Orðalagið er þess vegna dálítið skringilegt, því það kann að rekast á hvers annars horn hvort þeir aðilar sem eru tilnefndir af hagsmunaaðilum uppfylli þær kröfur sem ráðherra *skuli* gera til þeirra sem hann skipar. Seinna atriðið varðar það sem segir í 4. mgr. 4. gr., um það þegar kemur í ljós að *lög* hafi verið sett án þess að umsagnarbeiðni hafi verið beint til regluráðs, en ákvæðið eins og það lítur út gerir að því er virðist ekki ráð fyrir því, að löggjafinn setji lög samkvæmt eigin frumkvæði og á grundvelli þess að Alþingi er veigamesta stofnun þjóðfélagsins, og þar með ekki sett undir eftirlitsnefnd á vegum framkvæmdarvaldsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur